



## Fundargerð

**Svæðisráð norðursvæðis - 57. fundur svæðisráðs norðursvæðis haldinn  
Fosshóтели Húsavík,  
5. mars 2019, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Óli Halldórsson formaður, Hjördís Finnbogadóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Grétar G. Ingvarsson fulltrúi útivistarfélaga, Arnheiður Jóhannsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hjalti Páll Þórarinsson fulltrúi ferðaþjónustunnar, Anton Freyr Birgisson svæðisráðsfulltrúi, Guðmundur Ögmundsson þjóðgarðsvörður, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir þjóðgarðsvörður og Guðrún Jónsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Óli Halldórsson tók þátt í gegnum síma. Ásvaldur Ævar Þormóðsson boðaði forföll.

**Fundargerð ritaði:** Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður á hálendi.

### 1. Dettifossvegur - 1903002

Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum greindi frá fundi sínum með Vegagerðinni þann 6. febrúar síðastliðinn. Á fundinum var farið yfir ýmis hönnunar- og útfærsluatriði á áningarstöðum við nýjan veg, sem og varðandi nýja tengivegi að Langavatnshöfða ofan Hljóðakletta og Ytra-Þórunnarfjalli ofan Hólmatungna. Vegagerðin áætlað eitt heildarútboð til að ljúka verkefninu: Dettifossvegur 862 verður vonandi kláraður með bundu slitlagi á þessu ári en næstu tvö ár verður unnið við tengivegi og áningarstaði. Þjóðgarðsvörður sagðist verða var við mikinn þrýsting frá ferðaþjónustunni um vetrarþjónustu á Dettifossvegi, en þó aðeins hluta hennar því aðrir ættu hagsmuna að gæta hvað varðar sérferðir á breyttum jeppum. Þjóðgarðsvörður vill ekki taka afstöðu til þess á hvorn veginn þetta á að vera en telur að brýnasta verkefni þjóðgarðsins sé að tryggja öfluga landvörslu á svæðinu, bæði til verndar náttúru og vegna öryggis ferðamanna. Eins er mikilvægt að bæta innviði á svæðinu þannig að þjónustan sé sómasamleg og stýring ferðamanna um svæðið auðveldari.

*Svæðisráð fagnar því að nú hylli undir lok þessa verkefnis. Dettifossvegur er ekki einungis ferðamannavegur heldur einnig góð samgöngubót fyrir íbúa á Norðurlandi eystra. Mikilvægt er að vegurinn sé þjónustaður samkvæmt A-reglu (7 dagar í viku), en um leið að landvarsla sé tryggð á svæðinu, ekki síst til að tryggja öryggi ferðamanna við Dettifoss og gljúfur Jökulsár.*

### 2. Jökulsárgljúfur-skipulagsmál - 1901009

Þjóðgarðsvörður fór yfir tillögu að breyttu ákvæði um Dettifoss vestanverðan í endurskoðaðri stjórnunar- og verndaráætlun, sem unnin var að beiðni svæðisráðs og því send til athugasemda þann 14. febrúar síðastliðinn. Meginbreytingin felst í því að gert er ráð fyrir að þjónustusvæðið sé tvískipt; efra og neðra svæði. Gert er ráð fyrir meiri þjónustu á efra svæðinu, hjá gatnamótum Dettifossvegar (862) og afleggjara að Dettifossi (886), en að lágmarkspjónusta verði við núverandi bílastæði á neðra svæðinu.

*Svæðisráð samþykkir tillöguna, með þeirri viðbót að deiliskipulag efra svæðis geri einnig*

*ráð fyrir aðstöðu fyrir þjónustuaðila á svæðinu, og felur þjóðgarðsverði að koma henni á framfæri við viðeigandi aðila.*

### **3. DrekaGil - stofnun lóðar á þjónustusvæði - 1903003**

Þjóðgarðsvörður á hálendi fór yfir vinnu við stofnun lóðar í tengslum við nýsamþykktu breytingu á deiliskipulagi í DrekaGili.

### **4. Atvinnustefna - 1709017**

Formaður fór yfir vinnuferli um mótun atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs. Rætt um skipulag og framkvæmd samráðsfundar við hagsmunaaðila og áhugamenn um atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum (haldinn síðar sama dag).

Fundi slitið kl. 14:30.